

Stofnskrá samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

samþykkt á stofnfundi 20. nóvember 1996

1. gr.

Nafn samtakanna er Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum.

2. gr.

Sérhvert sveitarfélag sem telur sig hafa hagsmuni af starfsemi samtakanna skv. 3. gr. getur verið aðili að samtökunum.

3. gr.

Tilgangur samtakanna er:

- (a) Að vinna að lækkun orkukostnaðar til húshitunar á „köldum svæðum“.
- (b) Að stuðla að (frekari) jarðhitaleit.
- (c) Að afla og dreifa upplýsingum um orkumál til aðildarsveitarfélaganna.
- (d) Að stuðla að aukinni þekkingu almennings á leiðum til orkusparnaðar.

4. gr.

Ársfundur samtakanna skal hald í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og eiga allir fulltrúar aðildarsveitarfélaga sem sitja ráðstefnuna seturétt á ársfundi. Komi til atkvæðagreiðslu hefur hvert sveitarfélag eitt atkvæði.

5. gr.

Til ársfundar skal boðað með minnst viku fyrirvara.

Á dagskrá ársfundar skal m.a. vera:

- (a) Skýrsla stjórnar.
- (b) Ársreikningar og fjárhagsáætlun.
- (c) Ákvörðun um árgjald
- (d) Umræður og ályktanir um orkumál.
- (e) Kosning þriggja manna í stjórn og þriggja manna til vara.

Stjórn skiptir með sér verkum.

6. gr.

Stjórn samtakanna ræður málum milli ársfunda. Formaður boðar stjórnarfundi.

7. gr.

Samþykktum þessum má breyta á ársfundi samtakanna. Til breytinga á samþykktum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða mættra fulltrúa.

8. gr.

Ákvörðun um slit samtakanna verður aðeins tekin á aðalfundi með 2/3 hluta atkvæða. Verði slík tillaga samþykkt skulu eignir samtakanna renna til Sambands íslenskra sveitarfélaga til varðveislu en verði önnur samtök stofnuð í sambærilegum tilgangi skulu eignirnar renna til þeirra.

Breytingar samþykktar á aðalfundi SSKS 25. september 2015.